



Fundargerð

16. fundur öldungaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Nesvöllum
16. október 2023, kl. 14:30

Viðstaddir: Borgar Jónsson formaður, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Rúnar V. Arnarson, fulltrúar Reykjaneshæjar, Guðrún Eyjólfsdóttir og Ingibjörg Magnúsdóttir fulltrúar Félags eldri borgara og Íris Dröfn Björnsdóttir, fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Eyjólfur Eysteinnsson boðaði forföll og sat Ingibjörg Magnúsdóttir fundinn í hans stað. Kristján Gunnarsson boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Aðgengismál (2023100238)

Einar Snorrason umsjónarmaður fasteigna mætti á fundinn og kynnti stöðu mála varðandi aðgengismál í fasteignum sveitarfélagsins.

2. Hvatagreiðslur eldra fólks í Reykjaneshæ (2023050588)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri stuðnings- og öldrunarþjónustu, kynnti reglur um hvatagreiðslur fyrir íbúa 67 ára og eldri í Reykjaneshæ sem ráðgert er að taki gildi 1. janúar 2024.

Öldungaráð lýsir yfir ánægju með að teknar verði upp hvatagreiðslur fyrir eldra fólk og hvetur íbúa til að nýta þær. Einnig vill ráðið vekja athygli á vefnum fristundir.is, þar er yfirlit yfir tómstundastarf sem er í boði á Suðurnesjum, m.a. fyrir eldra fólk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:06.